

**GJALDSKRÁ**  
**fyrir kalt vatn á veitusvæði**  
**Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.**

1. gr.  
*Vatnsgjald.*

Vatnsgjald er reiknað skv. eftirfarandi reglu:

Vatnsgjald er 5.895,51 kr. fastagjald + 228,77 kr. á hvern fermetra miðað við hverja mats-einingu skv. fasteignamati. Í Borgarbyggð (þéttbýli), Stykkishólmi, Grundarfirði, Gráborg-arveitu\*), Munaðarnesveitu\*) og Úthlíðarveitu\*) er fastagjald 6.726,65 kr. + 296,10 kr. á hvern fermetra. Bílskúrar og sambærilegt húsnaði er undanþegið fastagjaldi. Ekki er inn-heimt vatnsgjald af húsnæði utan dreifikerfis vatnsveitunnar. Vatnsgjald fer aldrei yfir 0,5% af fasteignamati. Vatnsgjald miðast við byggingarvísið í desember 2015 og uppfærir skv. henni í desember ár hvert.

\*) Vatnsveitur í sumarhúsabyggðum. Árlegt vatnsgjald skal að lágmarki vera 31.604,66 kr.

Vatnsgjald innheimtist af Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu.

Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu er heimilt að gjalfella álagningu ársins verði greiðslufall á einum eða fleiri reikningum vegna álagningarinnar.

2. gr.  
*Notkunargjald vatns.*

Notkunargjald þann 1. janúar 2016 er 30,84 kr./m<sup>3</sup> og byggingavatn er 142,41 kr./dag.

**Fast gjald sem er háð stærð mælis:**

<i>Stærð mælis</i>	<i>Fast gjald kr./dag</i>	<i>Fast gjald fyrir brunna<sup>1</sup> kr./dag</i>
15 mm	36,72	122,52
20 mm	37,37	123,19
25 mm	48,10	133,92
32 mm	53,89	139,73
40 mm	64,86	150,71
50 mm	79,32	165,19
65 mm	107,02	192,64
80 mm	207,62	293,66
≥ 100 mm	218,30	304,35

<sup>1</sup> Verðlagning byggir á 2. ml. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga og gildir fyrir afhendingu vatns í brunni þar sem skráð fasteign er ekki til staðar.

3. gr.  
*Heimæðargjöld.*

Gjaldskráin miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá tengistað Orkuveitunnar við lóðarmörk, að inntaksstað mannvirkis sem Orkuveitan hefur samþykkt.

Þvermál inntaks:	32 mm	40 mm	50 mm	63 mm	75 mm	90 mm	110 mm
Heimæðar-gjald kr.:	274.200	391.854	559.990	810.539	1.071.339	1.434.223	1.977.232

Heimæðargjald fyrir inntök > 110 mm er reiknað út hjá OR.

Ein tengigrind er innifalin í hverju heimæðargaldi og fyrir hverja aukatengigrind greiðist 10% af heimæðargjaldi viðkomandi málstærðar.

## Byggingavatn og brunnar:

<i>Byggingavatn til og með 50 mm</i>	<i>kr.</i>
Uppsettur byggingavatnskrani <sup>1</sup>	78.686
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð ófrágengið	68.325
Aftenging byggingavatnskrana, yfirborð malbik eða steypa	180.610
Uppsettur brunnur fyrir vatnsafhendingu <sup>2</sup>	59.947

<sup>1</sup> Gildir þegar tengt er við heimæðarenda sem kominn er inn fyrir lóðarmörk.

<sup>2</sup> Sé sótt um heimæð í brunn þar sem fasteign er ekki til staðar leggur Orkuveitan til brunninn og kemur honum fyrir. Umsækjandi greiðir einnig heimæðargjald í samræmi við stærð sem sótt er um.

## Heimæðar fyrir frístundahús:

<i>Staðsetning</i>	<i>Málstærð</i>	<i>kr.</i>
Heimæð lögð stök frá stofn- eða götuæð	25 mm	701.446
Heimæð lögð í sama skurð og samtímis heitavatnsheimæð OR	25 mm	503.765

Þetta verð miðast við heimæð sem er allt að 100 metrar að lengd. Umsækjandi greiðir sérstaklega fyrir klapparbrot.

## 4. gr.

Gjöld skv. 2. og 3. gr. miðast við byggingarvísítolu fyrir desember 2014 og uppfærast á 3ja mánaða fresti.

Gjaldskrá þessi sem er sett í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 og reglugerð um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 öðlast gildi 1. janúar 2016. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1161/2014.

*Reykjavík, 8. desember 2015.*

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur – vatns- og fráveitu,

**Inga Dóra Hrólfssdóttir.**

---

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015